

## AUGLÝSING

88

13. okt.

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, fór í dag til útlanda og mun dvelja erlendis nokkrar vikur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 13. október 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

89

8. nóv.

um bráðabirgða verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands og samkomulag um vernd höfundaréttar og einkaréttar í atvinnurekstri.

Hinn 19. desember 1950 var undirritaður í Frankfurt am Main bráðabirgða verzlunar- og siglingasamningur milli Íslands og Vestur-Þýskalands ásamt bókun um vernd höfundaréttar og einkaréttinda í atvinnurekstri. Íslensk þýðing fylgir auglýsingu þessari, sbr. fylgiskjal I og II.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 8. nóvember 1951.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

### Fylgiskjal I.

Bráðabirgða verzlunar- og siglingasamningur milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Með það fyrir augum að efla svo sem framast er unnt verzlun og siglingar milli lýðveldisins Íslands og sambandslýðveldisins Þýskalands hafa ríkisstjórnir beggja landanna gert með sér eftirfarandi samning:

#### 1. gr.

Samningsaðiljarnir munu leitast við að koma á eðlilegu verzlunarsambandi og efla vöru- og þjónustuskipti sín á milli.

#### 2. gr.

Hvor samningsaðilja mun veita hinum beztu kjör. Öll hlunnindi, ívilnanir eða undanþágur, sem annar samningsaðiljanna veitir, að því er snertir vörur, sem fluttar eru inn frá einhverju öðru landi, eða fluttar eru út til einhvers annars lands, skulu einnig gilda um allar sams konar vörur, sem fluttar eru inn frá landssvæði hins samn-